




Fjölskyldan þakkar auðsýnda samúð og vinarhug og býður viðstöddum að þiggja veitingar í Vinaminni að athöfn lokinni.

*Prestur: sr. Þóra Björg Sigurðardóttir
Organisti: Hilmar Örn Agnarsson
Tónlist: Kammerkór Akraneskirku
Einsöngur: Hulda Gestsdóttir
Halldór Benjamín Hallgrímsson*

*Umsjón útfarar: Borg útfararþjónusta
Sálmaskrá: Leturstofan*



Fedda
Friðrika Kristjana Bjarnadóttir
f. 31. október 1935 - d. 8. janúar 2026

*Útför frá Akraneskirku
26.01.2026*

Forspil

Hinsta kveðja
Aðalsteinn Ásberg Sigurðsson / Sigurður Flosason

Signing og bæn

Ef við lítum yfir farinn veg
Óþekktur höfundur / Haraldur Ólafsson

Er við lítum yfir farinn veg og finnum gamla slóð
færast löngu liðnar stundir okkur nær.
Því að margar standa vörður þær, sem einhver okkar hlóð
uppi um fjöll, þar sem vorvindurinn hlær.
Öll þau yndisfögru kvöld,
okkar litlu skátatjöld,
eru gömlum skátum endurminning nær.
Þegar varðeldarnir seiða og við syngjum okkar ljóð
suðar fossinn og töfrahörpu slær.

Ritningarorð

Dagný
Sígfús Halldórsson / Tómas Guðmundsson

Er sumarið kom yfir sæinn
og sólskinið ljómaði um bæinn
og vaði sér heiminn að hjarta,
ég hitti þig, ástin mín bjarta.

Og saman við leiddumst og sungum
með sumar í hjörtunum ungum,
hið ljúfasta úr lögunum mínum,
ég las það úr augunum þínum.

Og húmi um heiðar og voga
mun himinsins stjörnudýrð loga
um ást okkar, yndi og fögnuð,
þótt andvarans söngrodd sé þögnuð.

Ritningarorð

Lítu sérhvert sólarlag
Bragi Valdimar Skúlason

Sérhver draumur lifir aðeins eina nótt
sérhver alda rís en hnígur jafnan skjótt
hverju orði fylgir þögn
og þögnin hverfur alltof fljótt.
En þó að augnablikið aldrei fylli stund
skaltu eiga við það mikilvægan fund
því að tár sem þerrað burt
aldrei nær að græða grund.

Lítu sérhvert sólarlag,
sem þitt hinsta væri það.
Því morgni eftir orðinn dag
enginn gengur vísum að.

Þú veist að tímans köldu fjötra enginn flýr
enginn frá hans löngu glímu aftur snýr.
Því skaltu fanga þessa stund
því fegurðin í henni býr.

Guðspjall

Umvafin englum
Sara McLachlan / Valgeir Skagfjörð

Það má svo sem vera
að vonin ein
hálf veikburða sofni í dá.
Finnst vera eitthvað
sem íþyngir mér
en svo erfitt í fjarlægð að sjá.
Það gilda má einu
hvort ég áleiðis fer
eða staldra hér ögn við og bíð.
Þótt tómið og treginn
mig teymi út á veginn
ég veit ég hef alla tíð...

verið umvafin englum
sem að vaka hjá
meðan mannhjörtun hrærast
þá er huggun þar að fá.
Þó að vitskert sé veröld
þá um veginn geng ég bein
því ég er umvafin englum
aldrei ein – aldrei ein.

Svo endalaus ótti
við allt sem er
og alls staðar óvini að sjá.
Veðrin svo válinð
og víðáttan grimm,
ég vil fría mig skelfingu frá.
Í tíma og rúmi
töfraorðin mín
og tilbrigðin hljóma svo blíð.
Líst ekki að ljúga
mig langar að trúa
að ég hafi alla tíð...

verið umvafin englum
sem að vaka hjá
meðan mannhjörtun hrærast
þá er huggun þar að fá.
Þó að vitskert sé veröld
þá um veginn geng ég bein
því ég er umvafin englum
aldrei ein – aldrei ein.

Minningarorð

Íslenska konan
Billy Joel / Ómar Ragnarsson

Bæn - Faðir vor

Liljan
Norskt lag / Þorsteinn Gíslason

Ég leit eina lilju í holti,
Hún lifði hjá steinum á mel.
Svo blíð og svo björt og svo auðmjúk.
En blettinn sinn prýddi hún vel.
Ég veit það er úti um engin
mörg önnur sem glitrar og skín.
Ég þræti ekki um litinn né ljómann.
En liljan í holtinu er mín.

Þessi lilja er mín lifandi trú.
Þessi lilja er mín lifandi trú.
Hún er ljós mitt og von mín og yndi.
Þessi lilja er mín lifandi trú.

Og þó að í vindunum visni
á völlum og engjum hvert blóm,
og haustvindar blási um heiðar
með hörðum og deydandi róm,
og veturinn komi með kulda
og klaka og hríðar og snjó,
hún lifir í hug mér sú lilja
og líf hennar veitir mér fró.

Þessi lilja er mín lifandi trú.
Þessi lilja er mín lifandi trú.
Hún er ljós mitt og von mín og yndi.
Þessi lilja er mín lifandi trú.

Moldun

Allt eins og blómstrið eina
Hallgrímur Pétursson

Allt eins og blómstrið eina
upp vex á sléttri grund
fagurt með frjóvgun hreina
fyrst um dags morgunstund,
á snöggu augabragði
af skorið verður fljótt,
lit og blöð niður lagði, -
líf mannlegt endar skjótt.

Ég lifi' í Jesú nafni,
í Jesú nafni' eg dey,
þó heilsa' og líf mér hafni,
hræðist ég dauðann ei.
Dauði, ég óttast eigi
afl þitt né valdið gilt,
í Kristí krafti' eg segi:
Kom þú sæll, þá þú vilt.

Blessun

Eftirspil

Það þarf fólk eins og þig
Buck Owens / Rúnar Júlíusson